



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2017

NÁST1GA05

Náms- og starfsfræðsla: Námið og nemandinn

Kennari: Bjarney Sif Ægisdóttir	Sk.st.	BSÆ
--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Markmið áfanga er að nemendur efli eigin námshæfni með því að fá þjálfun í að beita fjölbreyttum námstæknaðferðum. Áhersla er lögð á sjálfsþekkingu nemenda og að nemendur öðlist leikni í að beita aðferðum sem gagnast þeim til þess að ná auknum árangri í námi. Unnið er markvisst að því að efla sjálfstraust nemenda sem námsmanna og vekja áhuga á námi í framhaldsskóla ásamt því að skoðaðir verða ýmsir þættir sem geta haft áhrif á líðan og námsgengi nemenda.

Undanfari: Enginn

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

Fjölbreyttum námstæknaðferðum sem geta stuðlað að auknum árangri í námi.

Hvernig nýta megi tölvur og tækniforrit sér til stuðnings í námi.

Mikilvægi skipulags- og tímastjórnunar.

Hvernig eigin hugsanir og líðan getur haft áhrif á námsárangur nemenda.

Mikilvægi sjálfsþekkingar og markmiðssetningar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

Að beita fjölbreyttum námstæknaðferðum.

Að greina eigin hugsanir, líðan og tilfinningar.

Að þekkja eigin styrkleika og veikleika.

Að setja sér markmið.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Halda utan um og skipuleggja verkefnavinnu og heimanám.

Undirbúa sig undir próf og verkefnavinnu.

Vera meðvitaður um mátt hugsana og leiðréttu hugsanaskekkjur.

Vinna með bæði veikleika og styrkleika til þess að ná auknum árangri.

Setja sér markmið og vinna jafnt og þétt til þess að ná þeim.

Námsefni:

Ljósrit, efni af Interneti o.fl.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Verkefni
18. ágúst	Kynning	
21.-25. ágúst	Námstækni: Skipulag	
28.ág. - 01. sept.	Námstækni: Glósur / hugkort	
04.- 08. sept.	Námstækni: Smáforrit (Apps)	Dagbókarskil (10%)
11.-15. sept.	Námstækni: Smáforrit (Apps)	Verkefni um smáforrit (10%)
18. -22. sept.	Námstækni: Lestraraðferðir og ritun	
25.-29. Sept.	Námstækni: Próftaka	
02.-06. okt.	Nemandinn: Máttur hugsana / Að greina hugsanaskekkjur	Dagbókarskil (10%)
9.-13. okt.	Nemandinn: vellíðan / vanlíðan (Haustfrí 12.-13. okt).	
16.-20. okt.	Nemandinn: kvíði (Velja áfanga fyrir næstu önn)	
23.-27. okt.	Verkefnavinna	Verkefni um hugsanaþætti20%

30. okt – 3. nóv.	Nemandinn: Sjálfsmynd Styrkleikar / veikleikar	Dagbókarskil (10%)
06. – 10. nóv.	Nemandinn: Sjálfsmynd Styrkleikar /veikleikar	
13. – 17. nóv.	Nemandinn: Markmiðssetning skamm- og langtímamarkmið.	
20. – 24. nóv.	Verkefnavinna	Verkefni tengt sjálfsmynd (20%)
27. nóv – 1. Des.	Nemandinn: seigla	
4. -7. des	Samantekt og lok áfanga.	Dagbókarskil (10%)

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Dagbók	Nemendur skrifa hugleiðingar í dagbók sem þeir halda út önnina. Nánari upplýsingar um efni dagbókarfærslna á moodle, tengist umræðuefni hverrar viku. Dagbók er skilað 4x yfir önnina. Hver skil gilda 10%	40%
Námstækni	Verkefni um smáforrit fyrir námsmenn.	10%
Geðheilbrigði	Verkefni tengt hugsanaþáttum.	20%
Sjálfsmynd	Verkefni tengt sjálfsmynd.	20%
	Mæting, þátttaka og virkni	10%
	Samtals	100 %

Námsmat byggir á hugmyndum leiðsagnarmats. Nemendur fá skriflega umsögn um verkefni sín, en ekki er gefin einkunn í tölustöfum. Lokaeinkun er staðið/fallið.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Selfossi, 18. ágúst 2017, Bjarney Sif Ægisdóttir.